

Móttaka nýrra nemenda og nýbúa

Skólinn leggur áherslu á að þeir nemendur sem koma nýir að hausti í skólann eða eftir að skólastarf hefst að haustinu fái góðar móttökur og að þeir falli sem fyrst inn í hópinn og finni sig velkomna. Móttakan er skipulögð með eftirfarandi hætti:

- Umsjónarkennari skal bjóða nýjum nemendum í heimsókn í skólann með foreldrum/forráðamanni á umsömdum tíma. Ef viðkomandi tala ekki íslensku geta þeir eða kennari óskað eftir túlki.
 - Í þessari fyrstu heimsókn hittir nemandinn umsjónarkennara sinn, skólaritara, námsráðgjafa, stjórnendur og aðra starfsmenn skólans.
 - Umsjónarkennari sýnir honum bekkjarstofu og skólann.
 - Nemandi og forráðamenn fá stundaskrá og námsgögn og upplýsingar um heimasíðu skólans þar sem hægt er að nálgast skóladagatal og bekkjarnámskrá.
 - Ef um nýbúa er að ræða sem ekki skilur íslensku skal leitað til aðstoðarskólastjóra.
- Aðstoðarskólastjóri og umsjónarkennari setja upp stundatöflu fyrir nemandann, skipuleggja íslenskukennslu og önnur sérúrræði.
- Þegar nemandi mætir svo í sína bekkjardeild hefur umsjónarkennari undirbúið bekkinn. Góð hugmynd er að velja „leiðsögumenn“ til stuðnings nýnemanum. (sjá nánar í móttökuáætlun Ísafjarðarbæjar)